

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Suðurlandsvegur 1 - 3
850 Hella


Reykjavík, 17. desember 2019
UST201901-211/S.M.
08.14.02

Seinna reglubundið eftirlit í Sorpstöð Rangárvallasýslu

Þann 6. nóvember sl. fór fram seinna reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	6.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hulda Karlsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Staðfestar voru úrbætur vegna fráviks er varðar timburkurl og telst því lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit ársins á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Frávik og úrbótaáætlun vegna fyrra eftirlits 2019
3. Önnur mál
4. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Á Strönd er heimilt að að taka á móti 6350 tonnum af úrgangi á ári, þar af 5200 tonn til meðhöndlunar. Óvirkur úrgangur er urðaður á staðnum en endurvinnanlegur úrgangur er safnað og fluttur til viðeigandi endurvinnsluaðila. Fram kom í eftirlitinu að söfnun á lífrænum úrgangi væri hafinn í sveitarfélaginu og er ætluin að hann fari í jarðgerð.

Farið var yfir niðurstöður fyrra eftirlits ársins og opin frávik. Í fyrra eftirliti 2019 kom fram frávik vegna ófullnægjandi skila á skráningum þar sem skráningum vegna t.l. 1-5 og 7-11 í gr. 5.1 í starfsleyfi hafði ekki verið skilað. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun og hyggst skila fullnægjandi skráningum í næstu skilum vorið 2020.

Rætt var um opin frávik úr fyrra eftirliti 2018. Frávik vegna of mikils magns timburkurls á svæðinu kom fram í því eftirliti og hefur rekstraraðili síðan verið að vinna í að minnka magn timburkurls m.a. með því að nýta það í gerð jarðvegsmana við urðunarstaðinn. Fram kom að mikið hefði unnist við að koma timburkurlinu í manir. Ábending var einnig gerð þar sem ástand girðinga var orðið lélegt, fram kom í eftirliti nú að ekki hefði enn náðst að laga girðingar og væri áætlað að fara í það verkefni á vordögum 2020. Stöðin væri nú vel mönnuð og því hægara um vik að fara í girðingavinnu.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Staðfest var að magn timburkurls hefur minnkað talsvert og vinna við jarðvegsmon er langt komin. Enn er eitthvað af timburkurli eftir sem einstaklingar geta sótt í sem og að eitthvað verður notað í frekari vinnu við jarðvegsmanir. Að öðru leyti var ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir